

130

17. sept.

Peir, sem annast lögboðna vinnumiðlun, mega ekki veita óviðkomandi aðilum neinar þær upplýsingar, sem vinnukaupendur eða vinnuseljendur, er til þeirra leita, hafa veitt þeim.

23. gr.

Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.

Félagsmálaráðuneytið hefur eftirlit með félagssamtökum þeim eða öðrum aðilum, sem annast vinnumiðlun án endurgjalds, og tryggja raunhæfa samvinnu milli þeirra og hinnar lögboðnu vinnumiðlunar.

24. gr.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð og bækur, sem nota þarf samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, sbr. þó 20. gr.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 til ríkissjóðs og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

131

21. sept.

REGLUGERÐ

um húsnæðismálastjórn.

1. gr.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sjö menn, valdir af félagsmálaráðherra, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Ráðherra tilnefnir þrjú menn úr húsnæðismálastjórn til þess að hafa á hendi framkvæmdir á hennar vegum, svo sem:

- Ákvarðanir um A-lán til íbúðabygginga úr veðdeild Landsbanka Íslands, samkv. lögum nr. 55/1955. Þó skulu sparissjóðir og lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf veðdeildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarendi lán, svo og sparissjóðir, bankar og aðrir, er veita lán beint til lántakenda samkvæmt b-lið 5. gr. laga nr. 55/1955.
- Ráðstafanir á fé því, sem varið er til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, sbr. II. kafla laga nr. 55/1955 og reglugerð nr. 5/1956.
- Stjórn tæknideildar, sbr. 2. gr. laga nr. 55 1955.
- Eftirlit það, sem um ræðir í 2. gr. laga nr. 63 21. ágúst 1956, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum.
- Stjórn daglegrar starfsemi á vegum húsnæðismálastjórnar.

3. gr.

131

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar einu sinni í mánuði eða oftar, ef þörf gerist, og hvenær sem einn eða fleiri hinna þriggja manna, sem um ræðir í 2. gr., óska þess. 21. sept.

4. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin 1. gr. reglugerðar nr. 101 18. ágúst 1955, um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánunum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70 21. sept. 1956, um breytingu á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

132

um skoðun á lungum úr fullorðnu fé á fjárskiptasvæðum. 27. sept.

Samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, hefur landbúnaðarráðuneytið ákveðið, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að hver sá sem hefur á hendi slátrun sauðfjár á fjárskiptasvæðum, skuli afhenda til lungnaskoðunarmanns lungu úr öllu fullorðnu fé, sem slátrað er, eða senda þau vandlega umbúin til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Lungun skal merkja greinilega með nafni og heimilisfangi sendanda.

Fyrirmæli þessi gilda einnig um fullorðið fé, sem slátrað er heima.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1956.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

STYRKARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA 133

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 10516.19
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 359 75

Kr. 10675.94

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Sparisjóðsinnstæða	— 3675.94

Kr. 10675.94